

Atvinnuvegaráðuneyti
Skúlagötu 4
101 Reykjavík

sent á samráðsgátt

Reykjavík, 7. ágúst 2026

Efni: Umsögn um áform um lagasetningu – breyting á búvörulögum og búnaðarlögum um framlengingu búvörusamninga, mál nr. S-124/2026

Samtök iðnaðarins og Samtök fyrirtækja í landbúnaði (hér eftir „SI“, „SAFL“ eða „samtökin“ eftir atvikum) hafa tekið til umsagnar áform um lagasetningu um breytingu á búvörulögum nr. 99/1993 og búnaðarlögum nr. 70/1998 vegna framlengingar búvörusamninga, sem kynnt hafa verið í samráðsgátt stjórnvalda sem mál nr. S-124/2026.

Samtökin fagna framkomnum áformum um framlengingu búvörusamninga til og með 31. desember 2027. Að mati samtakanna er eðlilegt og rökrétt skref að veita lengri frest og rúmt svigrúm til þess að vinna að sameiginlegri sýn fulltrúa landbúnaðarins og stjórnvalda á starfsumhverfi og stuðningskerfi greinarinnar til framtíðar.

1. Framlenging og nægur frestur til stefnumótunar

Núgildandi búvörusamningar munu að óbreyttu renna út í lok árs 2026. Að mati samtakanna er brýnt að stjórnvöld og Bændasamtök Íslands hafi nægan tíma til að vinna að og ljúka vandaðri framtíðarsýn fyrir starfsgreinina, m.a. á grundvelli þeirra landbúnaðar- og matvælastefna sem samþykktar hafa verið. Framlenging á gildistíma núgildandi samninga lágmarkar óvissu fyrir innlenda matvælaframleiðslu á meðan mótun nýs samnings stendur yfir.

2. Nákvæm útfærsla lagaákvæða liggur ekki fyrir

Í áformaskjalinu er tilgreint að gera eigi orðalagsbreytingar á 37., 38., 41., 55. og 58. gr. búvörulaga ásamt 3. gr. búnaðarlaga. Þar sem um áform er að ræða en ekki fullbúið frumvarp, liggja nákvæmar orðalagsbreytingar á þessum ákvæðum ekki fyrir að svo stöddu. Samtökin gefa sér að fyrirhugaðar breytingar verði einskorðaðar við það sem nauðsynlegt er til að tryggja lagalegan grundvöll framlengingarinnar sjálfrar. Samtökin áskilja sér rétt til að rýna nákvæmt orðalag þegar frumvarpsdrög í heild sinni verða birt.

3. Fyrirsjáanleiki og stöðugleiki

Samtökin leggja ríka áherslu á að fyllsta stöðugleika sé gætt í starfsumhverfi landbúnaðarins á meðan viðræður og samtal um framtíðarstuðningskerfi standa yfir. Mikilvægt er að ekki verði farið í stórvægilegar eða íþyngjandi breytingar á rekstrar- og starfsumhverfi greinarinnar til hliðar við sjálfa búvörusamningagerðina á tímabilinu. Fyrirsjáanleiki er lykilforsenda þess að samningsaðilar nái að vinna að farsælli og sameiginlegri framtíðarsýn, landsmönnum öllum til heilla.

4. Niðurlag


SI og SAFL styðja fyrirhugaða framlengingu búvörusamninganna og lýsa sig reiðubúin til áframhaldandi samtals og samstarfs við stjórnvöld við vinnslu málsins.

Virðingarfyllst,
f.h. Samtaka iðnaðarins

A handwritten signature in blue ink, reading 'Sigurður Helgi Birgisson', is written over a horizontal line.

Sigurður Helgi Birgisson
viðskiptastjóri á iðnaðar- og hugverkasviði

Virðingarfyllst,
f.h. Samtaka fyrirtækja í landbúnaði

A handwritten signature in blue ink, reading 'Margrét Gísladóttir', is written over a horizontal line.

Margrét Gísladóttir
framkvæmdastjóri